

87
14. maí

L Ö G

um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Lög nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, skulu gilda til 1. júlí 1941.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

88
14. maí

L Ö G

um breytingar á lögum nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Í stað síðustu málsgr. 54. gr. laganna komi fjórar málsgreinar, svo hljóðandi:

Samþykkt fóðurbirgðafélags, sem ráðuneytið hefir staðfest, má breyta á lögsmætum aðalfundi félagsins, ef $\frac{2}{3}$ hlutar fundarmanna greiða atkvæði með breytingunni. Leita skal samþykkis sýslunefndar og staðfestingar ráðuneytisins á breytingunni. Varði breytingin að verulegu leyti aðra en félagsmenn, skal fara með málið á sama hátt og fyrir er mælt í lögum þessum um setningu samþykkta fyrir fóðurbirgðafélög.

Til þess að slíta fóðurbirgðafélagi skal tillaga um félagsslit borin upp á tveimur lögsmætum aðalfundum félagsins í röð, og skal þess getið í fundarboði, að slík tillaga verði þar borin upp. Samþykki $\frac{3}{4}$ hlutar fundarmanna á báðum fundunum að slíta félaginu, skal ákvörðun fundarins send sýslunefnd til samþykkis og síðan ráðuneytinu til staðfestingar.

Til þess að aðalfundur sé ályktunarfær um breytingar á samþykkt eða um félagsslit, verða $\frac{3}{4}$ hlutar félagsmanna að vera þar mættir.

Nú er fóðurbirgðafélagi löglega slitið, og skal þá tryggingarsjóður þess lagður inn í Búnaðarbanka Íslands til ávöxtunar og vextir lagðir við höfuðstól, unz fóðurbirgðafélag verður aftur stofnað í hreppnum samkvæmt lögum þessum, en þá skal hann afhentur því félagi til afnota.